



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

## Sjálfsmat skólaárið 2012 – 2013



Skýrsla sjálfsmatshóps

Unnar Örn Þorsteinsson  
Magnús Þorkelsson

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2013-2014 .....	4
Gagnasöfnun.....	6
Niðurstöður/Umræða.....	11
Heimildir .....	12

## Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á grunnhugmyndum Kurt Lewine um „starfendarannsóknir“ (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefnin, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt. Í öllu sjálfsmatsferlinu er einnig byggt á löngu samstarfi skólans við DR. Penelope Lisi og Dr. Sigurlínu Davísdóttur.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2012 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari, Hrefna Geirsdóttir áfangastjóri, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Adda María Jóhannsdóttir sviðsstjóri, Erla Ragnarsdóttir sviðsstjóri, Hildur Einarsdóttir sviðsstjór og Bryndís Jónsdóttir mannauðsstjóri. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, stjórna og skipuleggja verkefni, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram komu á skólaárinu.

## **Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2013-2014**

### September

- Stýrihópur undirbýr verkefni vetrarins.
- Ferðavenjur Starfsmanna og nemenda.
- Skráning upplýsinga sem varða innritun og upphaf haustannar 2013.

### Október

- Birting og umfjöllun um sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs.
- Undirbúningur áfanga/kennaramats á raungreinasviði.

### Nóvember

- Framkvæmd áfanga/kennaramats á raungreinasviði.
- Allir kennarar skili áfangaskýrslum til sviðsstjóra.
- Sviðsstjórar skili samantekt áfangaskýrslna til skólameistara.
- Skráning tölulegra gagna vegna loka haustannar 2013.

### Janúar

- Skráning gagna er varða upphaf skólstarfs á vorönn 2014.
- Frágangur undirbúningsblaða og skipulags starfsmannasamtala á vorönn.

### Febrúar

- Starfsmannasamtöl byrja.
- Starfsmannasamtölum skal lokið eftir páskafrí.

### Mars

- Starfsmannasamtöl halda áfram.
- Undirbúningur áfangamats vorannar.

### Apríl

- Framkvæmd áfanga/kennaramats á raungreinasviði fyrir vorönn.
- Starfsmannasamtölum lokið.
- Verkefnið Hlýtt á nemendur framkvæmt.
- Könnun meðal útskriftarnema.
- Flensburg – stjórnun og orðspor.

### Mái

- Úrvinnsla úr gögnum starfsmannasamtala.
- Úrvinnsla úr áfangamati/kennaramati.

- Úrvinnsla gagna úr verkefninu Hlýtt á nemendur.
- Úrvinnsla úr könnun meðal útskriftarnema.
- Úrvinnsla gagna úr verkefninu Flensborg – stjórnun og orðspor.
- Verkefnið Hlýtt á starfsmenn.
- Allir kennarar skili áfangaskýrslum til sviðsstjóra.

#### Júní

- Skráning gagna vegna loka vorannar 2014.
- Sviðsstjórar skili lokaskýrslu til skólameistara.
- Úrvinnsla gagna úr verkefninu Hlýtt á starfsmenn.
- Lögð drög að sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2013 – 2014.
- Áætlun um úrbætur fyrir næsta skólaár á grundvelli gagna sjálfsmatsins.

#### September/Október

- Birting og umfjöllun um sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs.
- Undirbúningur áfanga/kennaramats á málsviði.

#### Nóvember

- Framkvæmd áfanga/kennaramats á félagsgreinasviði.
- Undirbúningur starfsmannasamtala á vorönn 2015.

## Gagnasöfnun

Áfanga/kennaramatið var lagt fyrir félagsgreinasvið á haustönninni 2012 en á haustönn voru jafnframt aðrir þættir matsins undirbúnir.

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á félagsgreinasviði sem eingöngu voru kenndir á vorönn. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluaðferðir falla að þörfum nemenda. Spurt var um viðhorf nemenda til áfanga, námsefni, væntingar og markmið, notkun tímans og viðhorf til kennara (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; PISA 2007; PISA 2009; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki).

Allir starfsmenn skólans voru kallaðir í starfsmannasamtal á vorönn 2011 (Ómar H. Kristmundsson, 2007) (viðauki). Sviðsstjórar sáu um samtölin ásamt öðrum yfirmönnum. Þeir aðilar sem stýrðu starfsmannasamtölum skráðu meginþætti hvers viðtals fyrir sig. Hver starfsmaður fékk í hendur samantekt af sínu samtali og báðir aðilar undirrituðu. Að loknum samtölum var gerð skýrsla á hverju sviði fyrir sig og fengu skólameistari og mannauðsstjóri eintök af þeim í hendur. Á grundvelli þeirra samantekta var fræðsluáætlun næsta skólaárs byggð.

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2013 (viðauki). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans. (Lög um framhaldsskóla, 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012).

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2013 voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.surveymonkey.com/> (viðauki).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var lagt fyrir á vinnufundi meðal starfsmanna skólans vorið 2013. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram helstu styrkleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvernig má nýta sér slíkar upplýsingar í starfsemi skólans (viðauki).

Verkefnið hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2013 með sama hætti og áður. Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum nemenda (viðauki).

Skólameistari vann talnagögn úr gagnagrunni skólans til að leggja mat á markmið skólasamnings.

Fleira var gert eins og kemur fram hér að neðan.

Við áfanga/kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forþróaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forþrófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forþrófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007; Creswell 2001; Miller, 2010; Whitley 1996).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðtjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2013 (viðaukar ). Reynt var að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans. (Lög um framhaldsskóla 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012). Auk þess sem sviðsstjórar hafa sett inn liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið.

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2013 voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félagslífs, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.surveymonkey.com/> . Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá skólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefsíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalsspurningum um ofangreinda þætti (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012) (viðauki).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var það síðasta sem lagt var fyrir í sjálfsmati skólaárið 2012 – 2013. Starfsmenn fengu opnar spurningar um hvað hefði gengið vel, og hvað væri jákvætt í starfsemi skólans (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012) (viðauki). Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2013 og nemendur voru m.a. spurðir um verkefnið Heilsueflandi skóli og skólasóknarkerfi skólans (viðauki).

Í starfsmannasamtölum á vorönn 2013 var áhersla á umræðu um dagleg verkefni og ábyrgðarsvið, símenntun og fræðslu ásamt líðan í starfi. Ákveðinn viðtalsrammi lá þar til gundvallar. Starfsmannasamtölin tóku mið af endurmenntun og þjálfun kennara og starfsmanna og tækifæri og aðstöðu til endurmenntunar (Ómar H. Kristmundsson 2007). Auk þess sem leitað var eftir því sem vel hefur gengið og betur má fara.

Við áfanga/kennaramatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum á félagsgreinasviði skólans (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012). Öllum kennurum og starfsmönnum var boðin þátttaka í verkefninu um starfsmannasamtöl og þjálfun starfsmanna (Ómar H. Kristmundsson 2007; Sjálfsmat skólaárin, 2001 – 2012; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001). Allir starfsmenn fóru í starfsmannasamtal. Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla 2008). Verkefnið Hlýtt á kennara/starfsmenn var lagt fyrir á vordögum 2013. Öllum nemendum í var boðin þátttaka í verkefninu Hlýtt á nemendur. Öllum útskriftarnemum vorið 2011 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2013. Öllum forráðamönnum var boðin þátttaka í verkefninu Flensborg – stjórnun og orðspor. Stjórnendur skólans lögðu mat á framkvæmd skólasamnings eftir skólaárið út frá gögnum sjálfsmatsins, gögnum frá Rannsóknnum og greiningu og gögnum úr gagnagrunni skólans.

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2012. Þessi könnun var endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2013, og fyrir þá áfanga sem ekki virtist nægt þátttaka þegar verkefnið var lagt fyrir í nóvember 2012. Verkefnið var unnið rafrænt í gegnum innra net skólans. (Creswell 2001; Miller, 2010; Sjálfsmat skólaárin 2001 - 2013). Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn en engin kennari nýtti sér það (Framhaldsskólalög 2008; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996b; McKeachie 1999; McNiff 2001).

Starfsmannasamtöl fóru að mestu fram í mars og apríl 2011. Hver starfsmaður fékk um klukkustundaviðtal við sinn næsta yfirmann. Í samtalinu lá fyrir ákveðinn viðtalsrammi en einnig gafst tækifæri til að ræða önnur mál sem viðkomandi aðilar töldu



að væri gott að ræða (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001; Ómar H. Kristmundsson, 2007; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2012) (Viðauki ?).

Öllum útskriftarnemum vorið 2013 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2013. Verkefnið var lagt fyrir í rafrænu formi með aðstoð <http://www.surveymonkey.com/> í lok vorannar, 2013 (viðauki). Gögnum úr verkefninu Hlýtt á nemendur var safnað í apríl, 2013 (viðauki). Gögnum úr verkefninu Hlýtt á kennara var safnað saman eftir vinnufund kennara vorið 2013 (viðauki). Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní 2013. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 2008 (viðauki). Öllum forráðamönnum var boðin þátttaka í verkefninu Flensborg – stjórnun og orðspor. Verkefnið var lagt fyrir í rafrænum formi með aðstoð <http://www.surveymonkey.com/> í lok vorannar, 2013 (viðauki).

Að auki var könnun lögð fyrir forráðamenn, allstórum hópi nemenda falið að svara Framhaldsskólalapsins sem er tilraunaverkefni undir HEF, sem og mikil vinna lögð í að greina ferla nemenda, þróun námsgreina o.fl. M.a. voru fengin gögn úr INNU sem endurspeglar námsferil nemenda við skólann þessa öld til að skoða brottfall. Stærsta verkefni vetrarins var þó líklega undirbúningur og vinna tengd Leiðarljósum skólans (sjá <http://www.flensborg.is/maggi/leidarljios.pdf> og [http://www.flensborg.is/forsida/default.aspx?path=/resources/Controls/25.ascx&C=ConnectionString&Q=Allirflokkar\\_1&Groups=0&ID=4151&Prefix=277](http://www.flensborg.is/forsida/default.aspx?path=/resources/Controls/25.ascx&C=ConnectionString&Q=Allirflokkar_1&Groups=0&ID=4151&Prefix=277)). Vorið 2012 var haldinn þjóðfundur innan starfsmannahópsins og þar urðu til tíu leiðarljós. Haustið 2012 settust nefndir nemendafélagsins yfir sama verk, án þess að vita niðurstöður starfsmanna. Margt var svipað en þrjú bættust við. 1. og 16. 10. settust svo allir nemendur og allir starfsmenn yfir það hvernig mætti hrinda þessum leiðarljósum í framkvæmd. Úr því var unnið (<http://www.flensborg.is/maggi/leidarljiosnemh12.pdf> og <http://www.flensborg.is/maggi/leidarljiosstarfsmh12.pdf>) og síðan settur á laggirnar starfshópur þriggja starfsmanna og þriggja nemenda (kallaður 3+3) sem vann ýmsar tillögur sem enn er verið að vinna úr en sumt komið til framkvæmda.

Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Niðurstaðan var tekin til umfjöllunar í starfsmannasamtölum við einstaka

kennara. Það er mat sjálfsmatshópsins að niðurstaða áfangamatsins hafi í heild sinni verið jákvæð en lítil breyting frá síðasta mati. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í næsta starfsmannasamtali verði farið yfir viðbrögð. Útkoma úr verkefninu Hlýtt á nemendur segir okkur að nemendur eru í meðallagi meðvitaðir um verkefni og starfsemi nemendafélagsins og stofnunarinnar í heild. Í skýrslum fagsviða kemur fram hverju hefur verið áorkað síðasta skólaár, hvað er vel gert, hvað má betur fara og hvaða væntingar eru til þessa skólaárs. Verkefnið Flensborg, stjórnun og orðspor ber með sér að vel sé haldið utan um starfsemi stofnunarinnar og að orðspor hennar sé jákvætt.

Skólapúlsinn gefur til kynna fjölmargt sem er bæði jákvætt og neikvætt en verður tekinn aftur á næsta skólaári (2013-14) til að fá sterkari mynd. Þá hafa talnagögn gefið mun sterkari mynd en áður af ýmsu í skólanum sem vel er gert og betur má fara.

## Niðurstöður/Umræða

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati

Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2012 – 2013 fór fram áfangamat fyrir félagsgreinasvið skólans og skólaárið 2013 – 2014 er áætlað áfangamat fyrir raungreinasvið skólans. Útskriftarnemar skólans á vorönn hafa verið spurðir um menntun, aðstöðu til náms og félagslíf í skólanum. Útkoman úr verkefninu vorið 2013 styrkir enn frekar útkomu fyrri ára þar sem fram koma m.a. upplýsingar um framtíðarætlun nemenda skólans. Helsta nýjungin í sjálfsmati síðasta árs er könnun á stjórnun og orðspori skólans meðal hagsmunaaðila, þá aðallega foreldra. Sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði ber það með sér að auðvelt virðist vera að setja inn ný verkefni eftir því sem kröfur til stofnunarinnar breytast.

Þær niðurstöður sem fást úr þessum úttektum öllum saman eru mjög mikilvægar og ljóst að fram koma margar tillögur sem bæði eru jákvætt innlegg í umræðuna og vegvísar fyrir stjórnendur skólans. Oddviti NFF hefur lýst því í fjölmiðlum að nemendur skólans telji á sig hlustað. Veikasti hlekkurinn kann að vera sá að ekki sé nóg gert til að kynna niðurstöðurnar og afleiðingar þeirra. Hins vegar er það mikilvægt að allir sem koma að skólanum finni að raddir þeirra eiga farveg og að lausna sé leitað.

Margt er til bóta í starfinu þó sumt sé illmælanlegt. Andinn í skólanum er góður og tala gestir og gangandi mjög um það. Ytri rannsóknir s.s. frá Rannsóknun og greiningu gefa til kynna að ýmis efnamisnotkun, áfengisneysla o.fl. minnkar hratt. Þá sjáum við áút um glugga okkar að reykingafólki fækkar umhverfis skólann.

Núna, þegar þessi skýrsla er rituð er fjórða þema HEF að hefjast. Við finnum á stoðþjónustu skólans að það er þungt í ári hjá mörgum, kvíði, þunglyndi o.fl. Því er það höfuðáhersla skólastjórnenda að hlúa að hópnum og reyn að verja allt það sem styður við gott starf og nám. Í þeim verkefnum eru sjálfsmatsgögnin ómetanleg.

## Heimildir

- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólalárið 2011-2012. (2012. Skýrsla sjálfsmatshóps skólalárið 2011-2012.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evaluation*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.
- <http://www.zoomerang.com>
- Lög um framhaldsskóla frá 2008. Alþingi. Nr. 92. 12. júní.
- Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.
- Maxwell, B (1996) (a). "Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.

- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). "Translation Verification Procedures" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- Ómar H. Kristmundsson. (2007). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006, niðurstöður. Fjármálaráðuneytið.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- . (2007). *Science Competencies for Tomorrow's World. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/15/13/39725224.pdf>. Sótt á veraldarvefninn vorið 2009.
- . (2009). *Assessment Framework: Key competencies in reading, mathematics and science*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/11/40/44455820.pdf> . Sótt á veraldarvefninn vorið 2011.
- Rannsóknir og greining. (2011). *Fyrsta ölvunin. Flensborgarskóli*. Umhverfi og félagslegt samhengi fyrstu ölvunar meðal 15-19 ára nema í Flensborg og samanburður mælinga á vímuefnaneyslu framhaldsskólanema á Íslandi og Flensborg 2000 - 2010
- Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.

- . Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.
- . Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.
- . Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.
- . Sjálfsmat skólaárið 2005-2006. (2006). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2005-2006.
- . Sjálfsmat skólaárið 2006-2007. (2007). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.
- . Sjálfsmat skólaárið 2007-2008. (2008). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2007-2008.
- . Sjálfsmat skólaárið 2008-2009. (2009). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2008-2009
- . Sjálfsmat skólaárið 2009-2010. (2010). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2009-2010
- . Sjálfsmat skólaárið 2010-2011. (2011). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2010-2011

Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*.  
Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.